



66. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 27. nóvember, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Gunnari Þór Gunnarssyni, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Norðurós ehf. og Norðurstrandar ehf.
2. Fundargerð 707. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Fundargerð Héraðsbókasafns A-Húnavatnssýslu.
4. Fundargerð Héraðsráðs A-Húnavetninga.
5. Tillögur úr hugmyndasamkeppni fréttisíðunnar Húnahornið (huni.is) um nafn á göngustíg meðfram Blöndu.
6. Fjárhagsáætlun 2004.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Formaður lagði til að liðurinn atvinnumál yrði settur á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

1. **Atvinnumál.** *Mættir eru Kári Kárasón, framkvæmdastjóri Særúnar hf. og Hilmar Kristjánsson, stjórnarformaður fyrirtækisins. Fóru þeir yfir málefni Særúnar og þau áform sem fyrirhuguð eru hjá fyrirtækinu.*
2. **Erindi frá Gunnari Þór Gunnarssyni, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Norðurós ehf. og Norðurstrandar ehf.**
Erindinu er vísað til umræðu í bæjarstjórn.
3. **Fundargerð 707. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
4. **Fundargerð Héraðsbókasafns A-Húnavatnssýslu.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
5. **Fundargerð Héraðsráðs A-Húnavetninga.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
6. **Tillögur úr hugmyndasamkeppni fréttisíðunnar Húnahornið (huni.is) um nafn á göngustíg meðfram Blöndu.**
Bæjarráð gerir tillögu um að stígurinn beri nafnið "Bakkastígur".
7. **Fjárhagsáætlun 2004.** *Farið yfir rekstraryfirlit og efnahag. Nokkrar athugasemdir bornar fram. Fjárhagsáætluninni er vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.*



8. Önnur mál.

- a. **Málefni Háubrekku ehf.** *“Bæjarráð samþykkir að Blönduóssbær kaupi rekstur og efnahag Háubrekku ehf. frá og með 1. janúar 2003. Bæjarstjóra falið að ganga frá formsatriðum.”*
- b. **Atvinnumál.** *Formaður greindi frá málefnum ullapvottastöðvar og fleiru tengdu atvinnumálum.*
- c. **Lánamál.** *Rætt um tilboð sem borist hefur vegna lánamála. Auðunn Steinn bar fram þá tillögu að málefni þetta yrði vísað til næsta bæjarstjórnarfundar. Samþykkt samhljóða.*
- d. **Auðunn Steinn bar fram eftirfarandi fyrirspurn:** *“Eins og fram kemur í fundargerð bæjarstjórnar Blönduóss þann 7. október 2003, var samþykkt að óska eftir viðræðum við Vegagerð ríkisins um framtíðarnýtingu og varðveislu gömlu Blöndubrúarinnar. Undirritaður óskar eftir svari hvað þeirri vinnu líði.”* Bæjarstjóri tjáði að hún ætti bókaðan fund með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á Sauðárkróki hinn 5. desember nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)